



# Barnaheill

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (umsagnir nánustu fjölskyldu). (Þingskjal 198 — 128. mál.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (umsagnir nánustu fjölskyldu)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin styðja efni frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Barnaheill telja þessa breytingu eðlilega og að það hljóti að vera barni fyrir bestu að leita umsagnar nánustu fjölskyldu barns sem misst hefur annað eða bæði foreldri sín áður en ákvörðun um ættleiðingu er tekin. Með því er réttur barnsins til að viðhalda tengslum við blóðfjölskyldu sína verndaður að einhverju marki.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum allra barna án mismununar og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.